


Hamingjuríkt fjölskyldulíf (2. hluti)

Byggt á 14. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* en hana má finna á jw.org/is.

MARKMIÐ: Veltu fyrir þér hverju þú trúir og hvers vegna, skoðaðu hvað Biblían kennir. Þá áttu auðveldara með að útskýra trú þína fyrir öðrum.



HVAÐ ÞARF TIL AÐ BÖRN GETI VERIÐ HAMINGJUSÖM?

1 VELTU FYRIR ÞÉR HVERJU ÞÚ TRÚIR

Hvað heldurðu að fólk segi?

Hverju trúir þú?

Hvers vegna trúirðu því?

Börnin eru hamingjusöm þegar foreldrarnir líkja eftir Jesú.

(Sjá 14. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 14-16)

Lestu Markús 10:13-16.

Hvernig kom Jesús fram við börn þótt hann væri mjög upptekinn?

Lestu Lúkas 22:24-27 og Jóhannes 13:3-5.

Hvernig var Jesús foreldrum góð fyrirmynd þegar hann leiðrétti lærisveina sína?
(Sjá líka Jeremía 30:11.)



Jesús setti fjölskyldum fullkomið fordæmi – bæði sem barn og fullorðinn maður.

Börnin eru hamingjusöm þegar þau líkja eftir Jesú.

(Sjá 14. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblíán?* gr. 17-19.)

Lestu Lúkas 2:51, 52; 22:42.

Hvað getur ungt fólk lært af Jesú um hlýðni? (Sjá líka Efesusbréfið 6:1-3.)

Lestu Matteus 4:1-10.

Hvernig setti Jesús gott fordæmi í að standast freistingar?

Hvað er það við fordæmi Jesú sem snertir þig sérstaklega?



ÚTSKÝRÐU HVERJU ÞÚ TRÚIR

ÞEGAR EINHVER SEGIR ...

Sjónarmið Biblíunnar um aga er öfgakennt.

GÆTIRÐU SAGT ...

Biblían hvetur vissulega foreldra til að leiðrétta börnin sín. En mér finnst hún ekki öfgakennd vegna þess að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu notað?

Hvernig gætirðu rökrætt út frá biblíuversinu með sjónarmið viðmælandans í huga?

ÞEGAR EINHVER SEGIR ...

Það er of mikil áhersla lögð á hlýðni. Ungt fólk ætti að fá að gera það sem það vill sjálft á meðan það er ungt.

GÆTIRÐU SAGT ...

Sennilega eru margir sammála þér. Ég hef aðra skoðun vegna þess að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu notað?

Hvernig gætirðu rökrætt út frá biblíuversinu með sjónarmið viðmælandans í huga?